



Vopnafjörður

# ÁFANGASTAÐAÁÆTLUN VOPNAFJARÐAR

2022

# Áfangastaðaáætlun Vopnafjarðar

*Tilgangur áfangastaðaáætlunar fyrir Vopnafjörð er að greina stöðu og gera aðgerðaráætlun tengt ferðapjónustu fyrir svæðið sem miðar að því að bæta upplifun gesta og heimamanna. Aukin umsvif ferðapjónustu ýta undir fjölbreytni í atvinnulífi, bæta þjónustu og styrkja menningarlíf sem eykur lífsgæði íbúa og áhuga á sveitafélaginu sem búsetu- og atvinnusvæði. Sveitafélagið getur þannig, í gegnum innviða-uppbyggingu, aukna þjónustu við rekstraraðila og stefnumótun; stutt við vöruþróun, nýsköpun og aukin gæðaviðmið í ferðapjónustu. Mikilvægt er að líta á áætlunina sem opið verkefni sem hægt er að aðlaga og vinna með í takt við þarfir heimamanna og gesta og bregðast við mögulegum samfélags- og efnahagslegum breytingum á svæðinu.*

*Þessi áfangastaðaáætlun er unnin af Austurbrú í samstarfi við Vopnafjarðarhrepp árin 2020-2022. Þegar Austurbrú kom að borðinu hafði mikið verk verið unnið; greining, úrvinnsla og áherslur sveitafélagsins í atvinnumálum ásamt vinnustofu með íbúum Vopnafjarðarhrepps, niðurstöður íbúakönnunar frá miðju ári 2021 auk eldri gagna.*



# 1.0 STÖÐUGREINING

# Áfangastaðurinn Vopnafjörður

Vopnafjörður er 660 manna sveitarfélag á norðausturhorni landsins og er nyrsta sveitarfélagið á Austurlandi. Breiður fjörðurinn liggur á milli Héraðsflóa og Bakkaflóa, víðlendur og veðursæll. Vopnafjörður er umlukinn fjallgörðum og háum heiðum en til suðurs liggja Hellisheiði eystri, Krossavíkurfjöll og Smjörfjöll. Í austri eru Hauksstaðaheiði, Mælifell og Mælifellsheiði en í norðri eru Hágangar og Sandvíkurheiði. Þrír dalir liggja frá heiðunum niður að sjó. Syðstur er Hofsárdalur, þá Vesturárdalur og nyrstur er Selárdalur. Um þessa dali liggja þrjár af þekktari laxveiðiám landsins: Hofsá, Vesturdalsá og Selá. Fyrir miðjum firði er Kolbeinstangi og á honum stendur Vopnafjarðarkauptún/bær. Styrkur Vopnafjarðar sem áfangastaðar liggur í óspilltri náttúru, fámenni og kyrrð ásamt stórbrotinni náttúru og dýralífi.

Vopnafjörður er einn afskekktasti byggðakjarninn á Austurlandi en hann er í um 50 km frá þjóðvegi 1 og um 130 km fjarlægð frá Egilstöðum. Helstu atvinnuvegirnir eru sjávarútvegur og fiskvinnsla, landbúnaður og störf sem tengjast stoðþjónustu á staðnum.

# Staðsetning


Frá Þjóðvegi 1 milli Mývatns og Egilsstaða liggur leiðin til Vopnafjarðar um 50 km eftir vegi 85. Þaðan er stutt að fara til að heimsækja vinsælar náttúruperlur s.s. Dettifoss, Mývatn, Ásbyrgi, Langanes, Stuðlagil, Öskju og Holuhraun og svo eitthvað sé nefnt.

Einnig er að hægt að halda áfram eftir vegi 85 til Þórshafnar eða lengra norður á bóginn.

Yfir sumartímann er vinsælt að fara Þjóðveg 917 milli Vopnafjarðar og Egilsstaða um Hellisheiði. Heiðin er annar hæsti fjallvegur landsins, um 655 m, snjóþung og einungis opin yfir sumartímann. Leiðin er brött að hluta og getur verið áskorun fyrir lofthrædda en einstakt útsýni er yfir Héraðsflóa og Vopnafjörð af þessari leið, og fallegar og litríkar bergmyndanir.



Vopnafjörður



# SÉREINKENNI STAÐARINS

 660  
ÍBÚAR


Öflugur sjávarútvegur



Golfvöllur



Matvælavinnsla



Öflugt íþróttalíf



Laxveiðiar



Fjölbreytt  
fuglalíf



Saga & menning



Sundlaug



*Hrífandi sögur og mikilfengleg náttúra. Vopnafjörður er utan alfaraleiðar, friðsælt og dæmigert íslenskt sjávarþorp.*

## *Innviðaupplýsingar*

Þjónusta:

### **Samgöngur:**

*Höfn, flugvöllur, sjúkraflugvöllur, bensínstöð, bílaleiga, rafhleðslustöð*

### **Verslanir:**

*Dagvöruverslun, vínbúð*

### **Heilbrigðisþjónusta:**

*Heilsugæsla, lyfsala*

### **Opinber þjónusta:**

*Útibú sýslumanns, lögreglustöð, slökkvilið, skóli, leikskóli, íþróttahús, bókasafn, dvalarheimili*

### **Önnur þjónusta:**

*Pósthus, banki, hárgreiðslustofa, bifvéla verkstæði, húsbíla- & hjólhýsaþjónusta.*

\*gögn fengin frá þjónustukorti Byggðastofnunar.

## STÖÐUGREINING

### VEITINGAR & ÞJÓNUSTA:

1 MATVÖRUVERSLUN

3 VEITINGASTAÐIR

1 KAFFIHÚS

1 SÖLUSKÁLI

### GISTIMÖGULEIKAR:

1 HÓTEL

4 GISTIHEIMILI\*

6 SUMARHÚS

3 TJALDSTÆÐI

1 VEIÐIHÚS\*\*

### AFÞREYING & ÚTIVIST:

2 SAFN

1 SUNDLAUG

1 GOLFVÖLLUR

2 STANGVEIÐILEYFI

1 FUGLASKOÐUN

1 HÁTÍÐ

 660  
ÍBÚAR

2 FERÐASKIPU-  
LEGGJENDUR




Gögn fengin frá ferðamálastofu um útgefin leyfi  
\*Með fyrirvara um breytingar. / \*\*Ekki í almennri útleigu



# Tölulegar upplýsingar

ATVINNUVEGIR – Hlutfall af heildartekjum á Vopnafirði



Skýring: Hér má sjá hlutfall af heildartekjum á Vopnafirði og fjölda launamiða á bak við hverja atvinnugrein.

Stærstu atvinnugreinarnar eru framleiðsla (41%), opinber stjórnsýsla (33%) og heild- og smásöluverslun (7,4%).

Minnstu atvinnugreinarnar eru fasteignaviðskipti (0,22%), menningar, íþrótt- og tómstundastarfsemi (0,55%) og rekstur gististaða og veitingarekstur (0,65%).


# Tölulegar upplýsingar

ÍBÚAÞRÓUN

## Austurland – Íbúafjöldi 10.850

Fjöldi karla og kvenna eftir aldri



● Karlar ● Konur



## Vopnafjörður – Íbúafjöldi 653

Fjöldi karla og kvenna eftir aldri


● Karlar ● Konur



\*[https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar\\_\\_mannfjoldi\\_\\_2\\_byggdir\\_\\_Byggdakjarnarhverfi/MAN03200.px/chart/chartViewLine/?rxid=2074b40d-382e-4603-8d41-881b73646015](https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar__mannfjoldi__2_byggdir__Byggdakjarnarhverfi/MAN03200.px/chart/chartViewLine/?rxid=2074b40d-382e-4603-8d41-881b73646015)

# Mannfjöldi 1. janúar

Vopnafjarðarhreppur



## Skýring:


Mannfjöldapróun  
í Vopnafjarðahreppi.

- Árið 1998 var mannfjöldi 852.
- Árið 2021 var mannfjöldi 653.
- Byggðastofnun spáir lítilsháttar fólksfjölgun næstu árin en leiðir líkur að því að íbúum byrji að fækka seinni hluta þessa áratugar.
- Árið 2030 er því spáð að að fólksfjöldinn verði  $619 \pm [448; 807]$ .


# Tölulegar upplýsingar

Umferð um Sandvíkurheiði og Hauksstaði

## Vegur 85 - Hauksstaðir



## Vegur 85 - Sandvíkurheiði



ADU – Ársdagsumferð, meðalumferð á dag yfir árið

SDU – Sumardagsumferð, meðalumferð á dag mánuðina júní-september


VDU – Vetrardagsumferð, meðalumferð á dag mánuðina janúar-mars og desember

\*ath. 2011 ný tenging við þjóðveg gegnum Hauksstaði

# Tölulegar upplýsingar

Gistinætur og gestakomur á öllum skráðum gististöðum – póstnúmer 690 og 691

## Gestakomur og gistinætur




\*GÖGN FENGIN FRÁ HAGSTOFUNNI

# Tölulegar upplýsingar

Farþegafjöldi - Vopnafjörður

Flutningar um áætlunarflugvelli



# Tölulegar upplýsingar

Farþegafjöldi - Vopnafjörður

## Flug Norlandair 2021-2022

**2021: 15.mar – 31.des**

AEY-VPN 748

VPN-AEY 786

**2022: 1.jan – 26.ágú**

AEY-VPN 477

VPN-AEY 463


- Farþegafjöldi dregst áfram saman
- Jöfn dreifing farþega yfir árið
- Mjög fáir ferðamenn.




# Tölulegar upplýsingar

Farþegafjöldi - Vopnafjörður

Fjöldi farþega skemmtiferðaskipa\*



Fjöldi farþega til Vopnafjarðar



\* Mælaborð ferðaþjónustunnar



# Beint flug frá Frankfurt 2023

Beint flug á Norður- og Austurland - Vopnafjörður



## Beint flug þýska flugfélagsins Condor

Flug frá Frankfurt til Egilsstaða og Akureyrar hefst í maí 2023

Flogið 2 x viku maí-október.



Stór og traustur markaður fyrir ferðir til Íslands, þýskir ferðamenn dvelja lengur en aðrir ferðamenn á landinu.

Gríðarlegir möguleikar fyrir ferðaþjónustu á Austur- og Norðurlandi.



# Áfangastaðurinn Austurland – áherslustaðir

Áherslur Vopnafjarðar 2021



Vinsælar áfangastaðir: 43.Fuglabjarganes 40.Bustarfell 41.Selárlaug 44.Gljúfursárfoss 42.Skjólfjörur 39.Hellisheiði eystri

Mögulegir áfangastaðir: 24.Hofskirkja 26.Þverárgil 25.Böðvarsdalur

Verkefni að ljúka: Fuglastígur – samstarfsverkefni – Norðausturland.

# Mat á áhrifum ferðapjónustu

Jákvæð og neikvæð viðhorf

Árin 2015, 2017 og 2021 voru viðhorfskannanir lagðar fyrir íbúa Vopnafjarðar þar sem viðhorf til ferðapjónustu og áfangastaðarins var skoðað. Svörun við nýjstu könnuninni sem send var út í maí 2021 var 199 svör, 40% þeirra sem svöruðu voru karlar og 60% konur. Almennt sýndu svörin að íbúar telja ferðapjónustu hafa jákvæð áhrif og ljóst að íbúar vilja fjölbreyttari atvinnuvegi og nýsköpun á svæðið.



## JÁKVÆÐ VIÐHORF TIL FERÐAÞJÓNUSTU

Eykur möguleika á að halda úti þjónustu (veitingastöðum t.d.)

Lífgar uppá samfélagið

Atvinnuskapandi grein. Aukin meðvitund um mikilvægi góðrar aðstöðu

Styður við aðra atvinnu og eykur fjölbreytileika

Tækifæri til nýsköpunar

Með fleiri verkefnum á svæðinu eykst sjálfstraust og samheldni íbúa

Auknar tekjur til sveitarfélagsins



## NEIKVÆÐ VIÐHORF TIL FERÐAÞJÓNUSTU

Lítill þjónusta og afþreying í boði fyrir ferðamenn, vantar upplýsingar

Gisting og veitingar takmarkaðar.

Ferðapjónustaðilar vinna lítið saman og sveitarfélagið mætti aðstoða meira

Of lítil grein og öll gjöld því of há. Arðsemi lítil sem engin.

Það er eins og Vopnfirðingar séu hræddir við ferðamenn

Átroðningur á viðkvæmum svæðum

Innviðir ekki nógu sterkir, vantar fjölbreytni, vantar samstarf á milli aðila.

Neikvæðni og framkvæmda-/ áhugaleysi

# Mat á möguleikum á ferðapjónustu á Vopnafirði

SVÓT-greining mælir styrk, veikleika, tækifæri og ógnanir



## STYRKLEIKAR:

Öflugt atvinnulíf

Merktar gönguleiðir

Áhugaverð saga svæðisins

Afskekkt en þó nálægt vinsælum áfangastöðum (Mývatn, Dettifoss, Ásbyrgi, Stuðlagil, Askja & Langanes)

Hátt þjónustustig mv. íbúafjölda

Áhugaverðir staðir s.s. Bustarfell, útsýni Hellisheiði eystra ofl.

Menningartengdar auðlindir til staðar



## VEIKLEIKAR:

Lítið umfang og sýnileiki ferðapjónustu

Fjarlægð frá öðrum þéttbýlisstöðum

Takmarkaðir opnunartímar

Skortur á skipulagðri afþreyingu

Óljóst hvar miðpunktur bæjarins er

Áningarstaður frekar en áfangastaður

Ónógir innviðir (farsímasamband, salerni ofl)

Takmörkuð gisting

Ónógt samstarf á svæðis- og landsvísu v/ ferðapjónustu



## TÆKIFÆRI TIL FRAMTÍÐAR:

Nýta og bæta innviði, styrkja miðbæ

Stefnumótun - Byggja upp segla fyrir áfangastaðinn

Menningar, matar- og sögutengd ferðapjónusta

Nýta beint flug Condor til Egilsstaða og Akureyrar

Lenging ferðamannatímabilsins, fjárfestar

Tenging við ferðapjónustuverkefni (Ratsjá, Matsjá, Beint frá býli ofl)

Nýta sérstöðu svæðis betur (friðsæld, kyrrð, rólegheit, afskekkt)

Aukin upplýsingagjöf til ferðamanna

Aukið umfang og fjölbreytni gistingar



## ÓGNANIR

Árstíðarsveiflur

Samkeppni við önnur svæði

Efnahagssamdráttur – minni ferðageta

Fjarlægð - ekki hluti af hringveginum

Samgöngur (flug háð eftirspurn)

Hátt atvinnustig

Einhæft atvinnulíf

Neikvæð mannfjöldaspá

# HUGMYNDIR FRÁ VINNUFUNDUM

ÁHERSLUR – HÓPAVINNA

- Uppfæra gönguleiðakort
- Tengjast Demants- eða Dettifossleið
- Ráða upplýsinga/ferðamálafultrúa
- Vegvísir í bænum
- Tengjast betur landshlutum og verkefnum
- Efla fuglastígaverkefnið
- Vinna með Heiðarbýlin
- Stafræn markaðsherferð
- Listasmiðja, listamannabústaður
- Bæta salernis- og sturtuaðstöðu fyrir ferðamenn.
- Vinna betur með sögu bæjarins
- Strandmenning – svört strönd
- Draugasögur
- Vinnsla og afurðir úr rekavið
- Saga landpóstanna
- Útgáfumál – Bæklingur, afrifukort, sýnileiki Vopnafjarðar í útgefnu efni.
- Útsýnispallur Hellisheiði eystri - samstarf við Múlaping



\* Vinna frá vinnustofu 2021 og vinnu í verkefninu Veljum Vopnafjörð

# 2.0 MARKAÐSSTAÐA

# AFPREYING – HVAD ER Í BOÐI?



## GÖNGUFERÐIR OG ÁHUGAVERÐIR STAÐIR

- Fjölbreyttar göngu- og reiðleiðir um fjöll og dali.
- Um Fuglabjarganes á norðurströnd Vopnafjarðar liggur skemmtileg, stikuð gönguleið.
- Ljósastapi er bjarg sem stendur í sjó fram í austanverðum Vopnafirði.
- Glúfursárfoss út með austanverðum firðinum, í átt að Hellisheiði. Hár og mikill foss sem rennur um djúpt og þröngt gljúfur.
- Útsýnið af Hellisheiði er einstakt; til austurs sést yfir Úthérað og til Dyrfjalla.

# AFPREYING

Gönguleiðir



## GÖNGUKORT

1. Fuglabjargarnes, gönguleið 2 klst
2. Ljósastapi (fillinn), Skjölfjörur 5 mín (útsýnisstaður)
3. Gljúfurárfoss útsýnisstaðir 1 mín, gönguleið um Drangsnæs 2 klst.
4. Syðri Vík gönguleið 1 klst.
5. Þverárgil gönguleið 2-3 klst. \*
6. Hofsborgartunga, gönguleið 2 klst.
7. Hraunfell gönguleið 2-3 klst
8. Þorbrandsstaðaháls gönguleið 2-3 klst.
9. Álfrkonusteinn og Þurðargil gönguleið 1,5 klst
10. Deildarfell gönguleið 1,5 klst
11. Valsstaðir gönguleið 1,5 klst
12. Tangasporður gönguleið 2 klst
13. Hraunin, gönguleið ofan þéttbýlis 1 klst



\* Leið lokuð á meðan virkjanaf framkvæmdum stendur



# AFÞREYING

Möguleikar á svæðinu



## SUNDLAUG

Sundlaugin Selárdal er 3,5 km frá Þjóðvegi 85 á leið til Bakkafjarðar, 12 km frá Vopnafjarðarkauptúni. Laugin stendur á bakka Selár þar sem hún rennur í grunnu gljúfri og er rómuð fyrir umhverfi sitt. Rétt við sundlauginu er uppspretta með heitu vatni sem er nýtt til að hita upp vatnið í sundlauginni.

# AFPREYING

Möguleikar á svæðinu



## GOLF

Golfvöllur Vopnafjarðar er 9 holu völlur innan þéttbýlisins í landi Skála. Völlurinn er einkar áhugaverður fyrir golfara, brautir eru stuttar en mjög krefjandi.




## SÖFN - BUSTARFELL

Minjasafn er að **Bustarfalli**, einum af fegurstu torfbæjum á Íslandi þar sem sama ættin hefur búið í um 500 ár. Bustarfell er einn af elstu og best varðveittu bæjum sinnar tegundar á landinu.



## STANGVEIÐI

Hofsá, Vesturdalsá og Selá eru allar þekktar veiðiár í Vopnafirði. Hægt er að kaupa veiðileyfi á silungasvæði Hofsár en einnig er leyfð veiði í Nykurvatni nærri Bustarfalli og dorg á bryggjunni á Vopnafirði.



## VESTURFARAMIÐSTÖÐ AUSTURLANDS

Að Vesturfaramiðstöð Austurlands standa félagasamtök sem hafa áhuga á samskiptum við afkomendur vesturfara, sem fóru frá Austur- og Norðausturlandi eftir Öskjugosið 1875.

---

# GISTING OG VEITINGAR

Möguleikar á svæðinu

---

## Gisting:

- Takmarkaðir gistimöguleikar, bæði hvað varðar fjölda og tegund
- Eitt 3-stjörnu hótél en nær fullnýtt fyrir verktaka
- Af fjórum gistiheimilum bjóða aðeins tvö upp á gistingu á bókunarsíðum, önnur mögulega skv. samkomulagi
- 3 tjaldstæði



## Veitingar


- 3 veitingastaðir
- 1 kaffihús opið yfir sumartímann
- 1 söluskáli




# Tölfræðigögn – Visitvopnafjordur.is

Heimsóknartölur

Heimsóknir á visitvopnafjordur.is á ári



Heimsóknir á síðuna eftir mánuðum



Topp lönd sem heimsóttu síðuna 2021 og 2019\*

2021		2019	
Lönd	Fjöldi síðna	Lönd	Fjöldi síðna
Ísland	21,241	Ísland	21,456
Bandaríkin	15,454	Bandaríkin	9,453
Kína	5,433	Kína	2,922
Rússland	3,717	Frakkland	2,800
Þýskaland	3,349	Þýskaland	1,787
Kanada	2,286	Suður-Kórea	917
Frakkland	1,352	Kanada	885
Svíþjóð	1,335	Bretland	740
Tyrkland	990	Holland	559
Bretland	837	Rússland	518

\*Valið að nota 2019 fyrir covid og svo 2021 á meðan covid var

# Tölfræðigögn – Visitvopnafjordur.is

Mest heimsóttu undirsíðurnar

2021

/	8,266
/is/afthreying/minjasafnid-a-bustarfelli	7,314
/en	4,908
/is	3,318
/en/what-to-do-see	2,270
/is/afthreying	1,579
/is/gisting	1,279
/is/afthreying/sundlaugin	1,022
/is/veitingar	897
/is/verslun-og-thjonusta	816

2018

/	7,552
/en	3,128
/is/afthreying/minjasafnid-a-bustarfelli	2,365
/en/what-to-do-see	2,325
/is	1,664
/is/afthreying	724
/is/vidburdir	654
/is/gisting	569
/en/where-to-stay	531
/en/shops-and-service	524

\*Valið að nota 2018 fyrir covid og svo 2021 á meðan covid var.

Gögn fengin frá stefnu [www.stefna.is](http://www.stefna.is)

# Sýnileiki áfangastaðarins Vopnafjarðar

Datera – skýrsla febrúar 2022

- Fótspor Vopnafjarðar er lítið og mjög þröngt skilgreint á internetinu.
- Erfitt að átta sig á því hvað er vert að heimsækja á svæðinu.
- Mikilvægt að nálgast efni á vefnum m.t.t. afþreyingar
- Undirflokkar fyrir afþreyingu mættu vera skýrari á vefsvæði VisitVopnafjörður og/eða á East.is
- Lítið að sjá á samfélagsmiðlum en mikilvægt að nýta þá til að miðla efni um áhugaverða staði í umhverfi Vopnafjarðar.
- Mikil tækifæri í notkun myllumerkja



# Sýnileiki á samfélagsmiðlum

Stærð myllumerkis á INSTAGRAM febrúar 2022

Myllumerki	Fjöldi pósta
<b>Vopnafjörður</b>	
#vopnafjörður	2.062
#vopnafjordur	842
#Visitvopnafjörður	9
<b>Aðrir áfangastaðir</b>	
#visitausturland	4.906
#húsavík	43.499
#husavik	12.819
#seydisfjörður	26,331
<b>Sér location</b>	
#studlagilcanyon	4.794
#Fuglabjarganes	8
#Bustarfell	282
#Gljúfursárfoss	23

# MARKHÓPAR

Austurlands

## SJÁLFASTÆDI LANDKÖNNUÐURINN / SELECTIVE EXPLORER (INDEPENDENT EXPLORER)\*

- Er ástríðufullur um ferðalög og ævintýri.
- Vill síður fara troðnar slóðir.
- Kann vel við fjölbreytt mannlíf og umhverfi.
- Vill vita hvaðan maturinn kemur.
- Er til í að borga meira fyrir gæði.
- Er vel upplýstur og forvitinn.
- Er ábyrgur.

## LÍFSGLAÐI HEIMSBORGARINN / GENTLE ADVENTURER (THE FUN LOVING GLOBETROTTER)\*

- Sækist eftir hinu óvænta en skynsamlega.
- Heillast af staðbundnum mat, menningu og fólki.
- Fer fram á skipulagt frelsi; velur merktar gönguleiðir og forðast vitleysu.
- Fer fram á leiðsögn og skipulagningu; vill geta séð um sig sjálfur en kann að meta góða þjónustu og aðstoð.
- Safnar sögum til þess að segja vinum frá ferðum sínum; mjög virkur á samfélagsmiðlum, birtir mikið fyrir ferðalagið, á meðan á ferðalaginu stendur og eftir að því lýkur.
- Dáist að náttúru og fólki; sýnir umhverfi og menningararfleið virðingu.

## MAKINDALEGI MENNINGARVITINN / ACTIVE RELAXER (THE CULTURAL COMFORT SEEKER)\*

- Er varkár ævintýramaður.
- Kann vel við rólega morgna en hefur ekkert á móti fjallgöngu seinni partinn.
- Vill sjá eldfjallið en þarf ekki að skilja hvernig það virkar.
- Ferð með fram strandlengjunni og matur undir berum himni er hans fullkomni dagur.
- Velur skipulagðar ferðir sem halda utan um öll smáatriði.
- Kann að meta þægindi með góðum mat, góðri þjónustu og góðum félagsskap.

## NÁTTÚRUNÖRD / NATURE NERDS

- Finnst gaman að horfa á fjall og skilja hvernig það varð til.
- Fer á safn fyrir hádegi og í fjallgöngu eftir hádegi.
- Jarðfræði er hjartans mál - fjall er ekki bara fjall!
- Vel græjaður og undirbúinn.
- Kann að meta góðar upplýsingar um svæðið.

## DREIFBÝLISBÓHEM/ ODD CREATIVES

- Hleður batterín á Austurlandi.
- Tekur mikið af myndum.
- Fyllist innblæstri.
- Hefur áhuga á viðburðum á stöðum sem hann heimsækir
- Er dreifbýlisbóhem – elskar rúral.

\* Markhópagreining var unnin hjá Austurbrú og Íslandsstofu árið 2015 og uppfærð árið 2018.



# MARKHÓPAR

Vopnafjörður

## Hverjir koma?

**Erlendur ferðamaður** sem kemur til Vopnafjarðar er líklegur til að vera liðlega fertugur, langskólagenginn (5+ ára framhaldsnám) og ferðast með maka. Líklega að koma í fyrsta sinn en þriðjungs líkur á að hann hafi komið áður til Íslands. Helmingur hefur ákveðið komuna með innan við viku fyrirvara, um 66% öfluðu sér upplýsinga áður og 75% flettu í ferðahandbókum til að leita þeirra. Tæplega 70% líkur eru á að ferðamaðurinn gisti, 40% á gistiheimilum, og um 75% þeirra sem hafa komið eru mjög ánægðir með gistinguna yfirleitt. Helmingurinn fer í sund og gengur um þorpið.

**Innlendur ferðamaður** sem kemur til Vopnafjarðar er líklegur til að vera hálf fimmtugur, með 2-5 ára framhaldsmenntun og ferðast með fjölskyldu. Fjórir af hverjum fimm hafa komið áður til Vopnafjarðar og ákváðu ferðina með innan við fjögurra vikna fyrirvara. Rúmlega 60% líkur eru á að ferðamaðurinn gisti, rúmlega fjórðungur í bændagistingu og fjórðungur hjá vinum og ættingjum. Liðlega helmingur þeirra sem hafa komið er mjög ánægður með gistinguna. 75% fara í sund, 40% taka stutta göngu utan þéttbýlis og örlítið færri ganga um þorpið.

*\* Byggt á viðhorfskönnun meðal gesta á Vopnafirði 2010, 2012 og 2015*

# MARKHÓPAR

Vopnafjörður

## Hverjir eru markhóparnir?

Fyrst og fremst þeir sem eru tilbúnir að gefa sér tíma á ferðalaginu, enda tekur tíma að komast á svæðið. Ferðamenn sem sækja í ekta náttúruupplifun, vilja fara ótroðnar slóðir, fara sér í engu óðslega. *-Sjálfstæði landkönnuðurinn-*

### Erlendir ferðamenn:

Þeir sem dvelja lengur, kynna sér áfangastaðinn fyrirfram og eru búnir að skipuleggja dvöl og afþreyingu að einhverju leyti (kallar á góðar upplýsingar á netinu), sækja í rólegheit, nálægð við náttúru. M.ö.o, ferðamenn sem eru sjálfum sér nógir en kunna að meta að grunninnviðir séu til staðar. Náttúruunnendur, eru oft á leið á milli Austur- og Norðurlands, vilja gistingu á minni stöðum, gjarna einfalda og persónulega. Einnig á húsbíl eða með tjald. Kunna að meta veitingar úr hráefni sem endurspeglar staðinn. Hafa áhuga á náttúrutengdri afþreyingu, s.s. siglingum.

Í framtíðinni mætti breikka eða fókusera markhópin enn frekar í takt við áherslur á svæðinu.

### Innlendur ferðamaður

Þeir sem sækja í rólegheit og náttúru, að sjá nýja staði innanlands og hafa gjarnan áhuga á sögu (söfnin laða að).

Eru sjálfum sér nógir, fjölskyldur á ferð, gisting í tjaldi, sumarhúsum, húsbílum og að einhverju leyti líka þeir sem vilja gistingu á hótelum/gistihúsum (í takt við þróun annars staðar á Austurlandi). Fara í gönguferðir, sækja í golf og aðra staðbundna afþreyingu.

Vilja gott aðgengi að matvöruverslun en líka möguleika á að fara út að borða.

Einnig mætti hugsa sér þá sem vilja náttúrutengda afþreyingu svo sem veiði og sjótengda afþreyingu (siglingu, kayak, brimbretti, sjóstöng ofl.)

Í framtíðinni mætti breikka eða fókusera markhópin enn frekar í takt við áherslur á svæðinu.

# 3.0 ÁHERSLUR & AÐGERÐIR

---

## TILLÖGUR AÐ MEGINMARKMIÐUM

---



Hér á eftir fara tillögur að meginmarkmiðum til að styrkja **grunn-innviði fyrir ferðapjónustu** á svæðinu og sem eiga að vera framkvæmanlegar á einu ári frá því að þessi áætlun er kynnt.

Tillögurnar varða grundvallaratriði sem þurfa að vera til staðar eigi þjónusta við þá ferðamenn sem til Vopnafjarðar koma að vera arðbær í þann stutta tíma sem ferðamannatímabilið stendur, júní-ágúst. Þá eru reifaðar hugmyndir að afþreyingu sem myndi endurspegla sérstöðu og styrkleika staðarins sem sjávarútvegskjarna í stórbrotinni náttúru.

Þessi vinna miðar að því að búa í haginn fyrir framhaldsátak sem skilar öflugri ferðapjónustu, getur tekið við auknum straumi gesta og er haldið úti þjónustu stóran hluta ársins.

## Stefnumótandi markmið

Efling ferðapjónustu  
og tekjamyndun



Aukinn  
sýnileiki



Aukið  
samstarf



Góð  
upplifun



### YFIRMARKMIÐ

Innan hvers yfirmarkmiðs höfum við skilgreint sértækar aðgerðir. Þeim fylgja mælanleg markmið sem tengjast ábyrgðarþáttum.

#### STYÐJA VIÐ FYRIRTÆKIN OKKAR

Tengjast og þróa  
verkefni.

#### KOMA VOPNAFIRÐI Á KORTIÐ SEM ÁHUGAVERÐUM ÁFANGASTAÐ

Árangursmiðuð og  
framsækin stjórnun  
áfangastaðarins.

#### STUÐLA AÐ HÆFNI OG GÆÐUM

Samtal við greinina,  
vera móttækileg og styðja  
við hana. Aukið samstarf  
innan og utan svæðis.

#### GÓÐ UPPLIFUN

Góðar upplýsingar fyrir  
og á meðan ferðalaginu  
stendur, traustir innviðir  
og góð aðstaða við  
útsýnisstaði.

## FORGANGSMÁL 1

## Efling ferðapjónustu og tekjummyndun



- Starfsmaður sveitarfélags sem sinni ferðamálum amk. í hlutastarfi
- Skipulag lóða fyrir gistingu og veitingastaði
- Huga að umsóknum í Framkvæmdasjóð Ferðamannastaða

## FORGANGSMÁL 2

## Aukinn sýnileiki



- Ákveða hver er megin síða fyrir upplýsingar til ferðamanna.
- Bæta upplýsingar á heimasíðu
- Leitarvélabestun vefja (SEO)
- Gönguleiðir á heimasíðu með track.
- Uppfæra kort

## FORGANGSMÁL 3

## Aukið samstarf



- Virk þátttaka í samstarfsverkefnum
  - Mannamót
  - Ratsjá
  - Matsjá
  - Matarmót
- Markvisst samstarf ferðapjónustuaðila í byggðalaginu.
- Þátttaka í ferðaleiðum
  - Við ysta haf
  - Fuglastígur

## FORGANGSMÁL 4

## Góð upplifun



- Hugað að hlutverki Kaupvangs og Fiskimarkaðsins
- Tryggja upplýsingaskilti við alla innganga í bæinn
- Skilti fyrir farþega skemmtiferðaskipa
- Bætt umhverfi í hjarta bæjarins, skilti, bekkir ofl.

## FORGANGSMÁL 1: EFLING FERÐAÞJÓNUSTU OG TEKJUMYNDUN

Aðgerð	Ábyrgðaraðilar	Samstarfsaðiliar	Verk	Mælanlegir áfangar	Verktími
1. Ráðning ferðamála-, atvinnu- og menningarfulltrúa	Vopnafjarðarhreppur	Austurbrú	Skilgreina starf og starfshlutfall, forgangsráða verkefnum.	Ráðning eða skilgreindur ábyrgðaraðili innan sveitarfélags	<i>Haust 2022</i>
2. Greining innviða	Vopnafjarðarhreppur	Vegagerðin, fjarskiptafyrirtæki, rafveitufyrirtæki.	Aðgerðaráætlun til úrbóta á helstu innviðum sem snerta ferðaþjónustu svo sem farsímasamband og vegir.	Vinna áætlun og koma henni í framkvæmd	<i>Vor 2023</i>
3. Umsóknir í Framkvæmdasjóð Ferðamannastaða	Vopnafjarðarhreppur	Austurbrú	Huga að því hvaða ferðamannastaði eigi að byggja upp og sækja um í framkvæmdasjóð.	Umsóknum skilað	<i>Haust 2022</i>
4. Skipulag lóða fyrir gistingu og veitingastaði	Vopnafjarðarhreppur		Tryggja að skipulag liggi fyrir um hvar ferðaþjónusta eigi heima í bænum.	Samþykkt skipulags	<i>Haust og vetur 2022</i>

## FORGANGSMÁL 2: AUKINN SÝNILEIKI SVÆÐIS

Aðgerð	Ábyrgð	Samstarfsaðilar	Verk	Mælanlegir áfangar	Verktími
<p>1. Internetið: Besta leit á netinu</p> <p>Bæta upplýsingar á heimasíðu</p> <p>Leiðbeiningar til ferðamanna</p>	Vopnafjarðarhreppur	Austurbrú Utanaðkomandi fyrirtæki	<p>Ákveða hver er meginsíða fyrir upplýsingar til ferðamanna (enska/íslenska) og uppfæra og yfirfara efni á henni.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Yfirfara upplýsingar á heimasíðu</li> <li>Skilgreina orð/hugtök fyrir leitarvélabestun vefja (SEO)</li> <li>Gönguleiðir á heimasíðu með track fyrir hverja leið</li> </ul>	<p>Allar upplýsingar fyrir ferðamenn á einni uppfærðri vefsíðu.</p> <p>Leitarvélabestun liggur fyrir</p> <p>Hægt er að skoða gönguleiðir á uppfærðri vefsíðu.</p>	<i>Haust og vetur 2022-2023</i>
<p>2. Prent &amp; dreifing: Markaðsefni</p>	Vopnafjarðarhreppur	Austurbrú	<p>Vinna nýtt markaðsefni. Endurmeta hvað nýtist best, t.d. flyer, kort</p> <p>Skoða að vinna efni á þýsku.</p> <p>Setja upp dreifingaplan fyrir sumarið.</p>	Útgefið efni og dreifing á helstu staði	<i>Haust og vetur 2022</i>
<p>3. Ljósmyndun svæðis</p>	Vopnafjarðarhreppur	Utanaðkomandi ljósmyndari Austurbrú	Mynda helstu áfangastaði fyrir vef og kort	Aðgengilegar myndir fyrir sveitarfélag og samstarfsaðila	<i>Haust 2023 og vor 2023</i>



## FORGANGSMÁL 3: AUKIÐ SAMSTARF

Aðgerð	Ábyrgð	Samstarfsaðilar	Verk	Mælanlegir áfangar	Verktími
<p>1. Virk þátttaka í samstarfsverkefnum</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Mannamót</li> <li>• Ratsjá</li> <li>• Matsjá</li> <li>• Matarmót</li> <li>• Ferðaleiðir</li> <li>• Láttu stjórnuna leiða þig</li> </ul>	Ferðapjónustuaðilar Matvælaframleiðendur Austurbrú	Vopnafjarðar- hreppur	Hvetja ferðapjónustu- aðila á svæðinu til að taka virkari þátt í samstarfsverkefnum tengdum ferðapjónustu	Amk eitt fyrirtæki í næstu Ratsjá  Flest fyrirtæki taki þátt í Mannamótum.  Þátttaka í Matsjá/Matarmóti	September 2022- apríl 2023
<p>2. Virkja samstarf ferðapjónustuaðila í byggðalaginu</p>	Vopnafjarðarhreppur Ferðapjónustuaðilar	Austurbrú	Hvetja þá sem starfa í ferðapjónustu til að stilla saman strengi, skilgreina hvað er verið að bjóða upp á og hvenær ársins.  Kortleggja vannýtta innviði á svæðinu miðað við árstíðir.	Átak í markaðssetningu ferðapjónustu í byggðalaginu sbr. Veljum Vopnafjörð	September 2022- maí 2023

## FORGANGSMÁL 4: GÓÐ UPPLIFUN

Aðgerð	Ábyrgð	Samstarfsaðilar	Verk	Mælanlegir áfangar	Verktími
1. Merkingar við bæjarmörk og skilti fyrir farþega skemmtiferðaskipa	Vopnafjarðahreppur	Vegagerðin Austurbrú	Tryggja að komuskilti séu við bæjarmörk og amk. lágmarksupplýsingar við lendingarstað komufarþega skemmtiferðaskipa.	Skilti komin upp við allar meginleiðir inn í bæinn	<i>Haust og vetur 2022-2023</i>
2. Bætt umhverfi í hjarta bæjarins og við innkomur og helstu áfangastaði.	Vopnafjarðahreppur	Fyrirtæki í bænum Íbúar	Hugað að hlutverki Kaupvangs og Fiskimarkaðsins til að styrkja miðpunkt bæjarins.  Úrbótaganga og endurbætur; skilti, bekkir, götur, blómabeð ofl.	Aðgerðaráætlun un hlutverk húsanna, um umhverfi þeirra og endurbætur þar sem það á við.  Sýnilegar úrbætur	<i>Haust og vetur 2022-2023</i>
3. Tenging við matarauð Austurlands (Láttu stjórnuna leiða þig)	Austurbrú	Vopnafjarðahreppur Matvælaframleiðendur Verslunareigendur Ferðapjónustuaðilar	Auka sýnileika á vörum úr héraði. Nýta verkfæri Austurbrúar v/ merkingar.	Að hráfni frá Austurlandi á svæðinu verði gerð sérstök skil t.d. á matseðlum og í verslunum.	<i>Vetur og vor 2023</i>

# Lokaorð

Hér er lagður til grunnur að lágmarksaðgerðum til að styrkja og standa vörð um ferðaþjónustu á svæðinu. Mikilvægt er að einn aðili hafi slík verkefni með höndum hjá sveitarfélaginu; haldi utan um og hvetji til samráðs ferðaþjónustuaðila.

Aðallega hefur verið fjallað um grunninnviði ferðaþjónustu en einnig mætti skoða þau fjölmörgu tækifæri til afþreyingar og bættrar upplifunar sem eru til staðar. Þar má nefna að hugað verði að framtíðarhlutverki Kaupvangs og Fiskimarkaðsins í hjarta bæjarins til að bæta upplifun íbúa og gesta, og að nýta kosti strandlengjunnar til að bjóða upp á siglingar með ferðamenn, sjóstangaveiði og brimbretti. Auka mætti framboð á veitingum, amk. yfir háannatímamann, með pop-up veitingarekstri og undirbúa auknar komur ferðamanna, þmt. með skemmtiferðaskipum svo að verslunareigendur, framleiðendur og aðrir geti nýtt sér þær með sölu og framboði á ferðum, sem gætu t.d. tengst sögu og menningu staðarins.

Allt vinnur þetta saman að því að skjóta fleiri og sterkari stoðum undir ferðaþjónustu og atvinnulíf á Vopnafirði og móta og styrkja sérstöðu staðarins.

ÁFANGASTAÐAÁÆTLUN VOPNAFJARÐAR

Áfangastaðurinn Austurland

2022

VERKEFNASTJÓRAR

María Hjálmarsdóttir / Alda Marín Kristinsdóttir / Urður Gunnarsdóttir

HAFÐU SAMBAND

[maria@austurbru.is](mailto:maria@austurbru.is) / [aldamarin@austurbru.is](mailto:aldamarin@austurbru.is) / [urdur@austurbru.is](mailto:urdur@austurbru.is)

Copyright © 2022

Áfangastaðurinn Austurland / Destination

Austurland All rights reserved



AUSTURLAND